



Reykjavík, 21. febrúar 2019
SFS2019010039
154. fundur
HG/img

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Breytingartillaga varðandi yfirstjórn leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að í ljósi þess sem fram kemur í umsögnum foreldra og starfsfólks leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar verði einvörðungu sameinuð yfirstjórn þessara tveggja leikskóla sem standa svo nærri hvor öðrum. Með sameiningu yfirstjórnar er átt við að ráðinn verði einn leikskólastjóri sem stýri báðum leikskólunum en að ekki verði lagðar til breytingar á öðrum starfsheitum né áherslum í innra starfi. Til viðbótar við stjórnun leikskólans komi jafnframt 25% stöðuhlutfall til viðbótar inn í stjórnun leikskólanna sem nýtist stjórnendum til að ná betur utan um stjórn leikskólanna.

Tillaga um sameinaða yfirstjórn felur fyrst og fremst í sér samrekstur leikskólanna tveggja. Innra starf leikskólanna verður óbreytt; ekki er gerð krafa um breytingar á rekstri mötuneyta, stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra standa óbreytt en til viðbótar kemur 25% staða sem stjórnandi ráðstafar, stöðugildi sérkennslustjóra standa óbreytt, ekki verður farið í að aldursskipta börnum á milli húsa og ekki verður tilfærsla á starfsfólki. Með sameinaðri yfirstjórn er lögð áhersla á að standa vörð um styrkleika og áherslur hvors leikskóla og ekki verður breyting á starfinu næst börnunum en hins vegar nýtt þau tækifæri sem felast í rekstrarlegri samlegð leikskólanna sem standa svo nærri hvor öðrum.

Greinargerð:

I forsaga málsins

Á 151. fundi skóla- og frístundaráðs, sem haldinn var 8. janúar 2019 var lögð fram svo hljóðandi tillaga:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að leikskólarnir Suðurborg og Hólaborg verði sameinaðir í einn heildstæðan leikskóla, undir einni stjórn frá og með 1. apríl 2019 og að staða leikskólastjóra verði auglýst laus til umsóknar í febrúar 2019. Samhliða ráðningu leikskólastjóra verði myndaður innleiðingarhópur sem vinni með stjórnanda að sameiningunni og þeim breytingum á starfseminni sem henni fylgir. Í hópnum eigi sæti fulltrúar beggja starfsstöðva þ.e. fulltrúar stjórnenda og annarra starfsmanna auk

fulltrúa fagskrifstofu og mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Hópurinn leiti samráðs og ráðgjafar foreldra og annarra aðila eftir málefnum hverju sinni. Hópurinn starfi frá 1. apríl 2019 til 1. október 2020. Jafnframt er lagt til að gerðar verði breytingar á rekstri mótuneyta leikskólanna með aukna rekstrarhagkvæmni að leiðarljósi t.d. að hádegismatur verði framleiddur í eldhúsi Suðurborgar og eldhúsið í Hólaborg verði móttökueldhús. Strax verði hafist handa, í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, að meta aðstöðu í mótuneytum í báðum húsum með þetta í huga. Lagt verði mat á hvort og þá hvaða breytingar þarf að gera á aðstöðunni ásamt kostnaðarmati á aðgerðum þar með talinn kostnaður við að leggja upphitaðan stíg á milli húsanna.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Pírata og lögðu fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu um sameiningu leikskólanna Suðurborgar og Hólaborgar til umsagnar foreldraráða og foreldrafélaga leikskólanna. Tillagan verði jafnframt kynnt fyrir starfsmönnum leikskólanna og þeim gefinn kostur á að leggja fram umsagnir um hana.

Málsmeðferðartillagan var samþykkt og tillaga um sameiningu leikskólanna í kjölfarið send starfsfólki og foreldrum beggja leikskóla með ósk um umsagnir fyrir 30. janúar 2019.

Þann 14. janúar áttu skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála og mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs fundi með starfsfólki Suðurborgar og í kjölfarið foreldrum. Þann 15. janúar voru sambærilegir fundir í Hólaborg, fyrst með starfsfólki og síðan foreldrum. 22. janúar var svo fundur fyrir foreldra, beggja leikskóla, af erlendum uppruna, þar sem túlkað var yfir á pólsku, rússnesku og ensku.

II Umsagnir

Meðfylgjandi eru eftirtaldar umsagnir sem bárust skóla- og frístundasviði:

1. Umsögn foreldra og foreldraráðs Hólaborgar
2. Umsögn kennara Hólaborgar
3. Umsögn starfandi leikskólastjóra Hólaborgar
4. Umsögn foreldra í Suðurborg
5. Umsögn frá starfsfólki Suðurborgar
6. Umsögn starfandi leikskólastjóra Suðurborgar

Í umsögnum frá Hólaborg kemur fram að leikskólarnir Hólaborg og Suðurborg standa í hverfi sem einkennist af miklum fjölbreytileika og að margar fjölskyldur séu í viðkvæmri félagslegri stöðu en að í Hólaborg hafi tekist að byggja upp traust og öruggt umhverfi fyrir börn með viðkvæman bakgrunn og litla þekkingu í íslensku. Starfsfólk hafi þróað og menntað sig í samstarfi við fjölskyldur með ólíkan bakgrunn og kafað í hugmyndafræði fjölmenningar, foreldrasamstarfs og menningarnæmis í þeim tilgangi að jafna félagslega stöðu barnanna. Stöðugleiki, traust og sveigjanleiki í samstarfinu hafi skilað ánægðum foreldrum og börnum. Fram koma áhyggjur um að erfitt verði að standa vörð um þau námstækifæri, nánd, félagsleg tengsl og þann árangur sem náðst hefur hvað þetta varðar, í stærri leikskóla. Jafnframt er bent á að áherslumunur er í faglegu starfi leikskólanna þar sem Hólaborg starfar eftir félagslegri hugsmíðahyggju þar sem hver og einn nýtur sjálffræðis og finnur til hæfni sinnar og sérkennsla

fer að mestu fram í félagslegum athöfnum í gegnum daglegt starf. Bent er á að smæð leikskólans gefi færi á nánum samskiptum stjórnanda við starfsfólk, stuttum boðleiðum, góðri yfirsýn og upplýsingaflæði. Auk þess sem hún gefur kost á mikill samvinnu og flæði á milli deilda og að kennarar þekki öll börn í leikskólanum og foreldra þeirra. Fram koma áhyggjur af því að uppeldisstefna og sérhæfing Suðurborgar, sem er stærri leikskóli, taki yfir stefnu Hólaborgar og að langan tíma muni taka fyrir starfsstaðinn að jafna sig.

Í umsögnum frá Suðurborg kemur fram að stefnur leikskólanna séu ólíkar en Suðurborg vinnur eftir PBS (e. Positive behavior support) þar sem lögð er áhersla á að styrkja jákvæða hegðun en aðferðin gangi út á nokkrar leiðbeinandi reglur sem setji börnunum ákveðinn ramma sem þau læra í gegnum daglegt starf og samverustundir. Í Suðurborg sé einnig unnið með val þar sem börnin velja sér ákveðnar leikstöðvar og fái að skipta um leikstöð ef laust er á einhverri annari en að í Hólaborg sé áhersla á flæði í leik og að börnin geti farið á milli deilda. Í umsögnum er bent á að Suðurborg sé nú þegar stór leikskóli með 113 börn á 7 deildum og falli þar með undir stærðarviðmið sem borgin hefur sett sér um stærð nýrra leikskóla en að húsnæðið beri ekki meiri fjölda, hvorki barna né starfsfólks. Í umsögn starfandi leikskólastjóra Suðurborgar er bent á að stjórnunarumfang sameinaðs leikskóla verði yfir þeim viðmiðum sem æskileg eru talin fyrir einn stjórnanda.

Í umsögnum beggja leikskóla kemur fram það sjónarmið að fjölbreytileiki í starfi leikskóla sé kostur og að foreldrar eigi að geta valið á milli mismunandi leikskóla bæði hvað stærð og áherslur áhrærir, það hafi þeir gert þegar þeir völdu annan þessara tveggja leikskóla.

Í umsögnum beggja leikskóla koma fram áhyggjur af því að með sameiningunni muni hlutfall fagmenntaðra starfsmanna minnka t.d. með fækkun sérkennslustjóra og að óvissa sé um störf aðstoðarleikskólastjóra. Í umsögnum kemur einnig fram að fagmenntaðir starfsmenn og starfsfólk með mikla starfsreynslu hyggist láta af störfum ef af sameiningu leikskólanna verður.

Í umsögnum frá báðum leikskólunum kemur fram að flókið geti verið fyrir starfsmenn sem jafnframt eru foreldrar í hinum leikskólanum að starfa í sama leikskóla og barn þeirra sækir. Í báðum umsögnum kemur einnig fram að stöðugleiki hafi verið í starfsmannahaldi og að hvorugur leikskólanna hafi þurft að grípa til þess úrræðis að skerða þjónustu við börn. Fram koma áhyggjur af því að ávinningi, árangri og stöðugleika í starfi, síðustu ára, verði ógnað.

Í umsögnum beggja leikskóla koma fram ábendingar um að sameiningu leikskólanna og breytingum á starfssemi húsanna s.s. í mötuneytum og hugsanlegri aldursskiptingu fylgi kostnaður s.s. vegna upphitaðs göngustígs og endurhönnunar á útileiksvæðum.

Með umsögnum starfsmanna Suðurborgar, kennara Hólaborgar og foreldraráða beggja leikskólanna fylgir undirskrifstarlisti gegn sameiningu leikskólanna.

III Umsögn skóla- og frístundasviðs

Í ljósi þess sem fram kemur í umsögnum foreldra og starfsfólks leggur sviðsstjóri til að einungis verði sameinuð yfirstjórnar þessara tveggja leikskóla sem standa svo nærri hvort öðrum. Með sameinaðri yfirstjórn er átt við að ráðinn verði einn leikskólastjóri sem stýri báðum leikskólunum en að ekki verði farið í breytingar á öðrum starfsheitum né áherslum í innra starfi. Til viðbótar við stjórnun leikskólans komi jafnframt 25% stöðuhlutfall til viðbótar inn í stjórnun leikskólanna sem nýtist stjórnendum til að ná betur utan um stjórn leikskólanna.

Leikskólarnir Hólaborg og Suðurborg standa við Suðrhóla í Breiðholti og eru 43 metrar í loftlínu á milli leikskólanna. Lóðir leikskólanna liggja saman, aðeins girðing skilur þær að. Leikskólarnir deila bílastæðum.

Rekstrarleyfi leikskólans Suðurborgar er 113 börn. Hólaborg er einn af fámennustu leikskólum borgarinnar með 50 börn og áætlun um fækkun þar gerir ráð fyrir að leikskólinn fari í 48 börn. Í viðmiðum um stærð nýbyggðra leikskóla sem hefur verið í undirbúningi undanfarið er talað um að leikskóli ætti að vera 6 – 10 deilda eða 120 – 200 barna og að lágmarksviðmið væri 60 til 80 börn. Það er því ljóst að Hólaborg fellur undir lágmarksviðmið borgarinnar og báðir þessir leikskólar falla undir viðmið um stærð leikskóla þ.e. eru undir 120 -200 börnum.

Tillaga um sameinaða yfirstjórn felur í sér að innra starf leikskólanna verður óbreytt; ekki er gerð krafa um breytingar á rekstri mötuneyta, stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra standa óbreytt en til viðbótar kemur 25% staða sem stjórnandi ráðstafar, stöðugildi sérkennslustjóra standa óbreytt, ekki verður farið í að aldursskipta börnum á milli húsa og ekki verður tilfærsla á starfsfólki. Með þessu móti er lögð áhersla á að standa vörð um styrkleika og áherslur hvors leikskóla og ekki verður breyting á starfinu næst börnunum. Verði vilji innan leikskólanna til breytinga þá verði slíkar breytingar unnar í fullu samráði við starfsfólk og foreldra.